| 7.6m  | 10 $\Omega$ m  | 1.6m 1641 $\Omega$ m |
| 248m  | 24 $\Omega$ m  | 16m 7730 $\Omega$ m  |
|       | 42 $\Omega$ m  | 6.5m 266 $\Omega$ m  |
|       |                | 3.9 $\Omega$ m       |

Temmið sér hátt viðnám niður á 26 metra dýpi, tæplega 10 metra þykkt lag með 10  $\Omega$ m viðnámi. Þar fyrir neðan hækkar við námið í 24  $\Omega$ m og um 250 metrum neðar hækkar viðnámið enn í 42  $\Omega$ m.

Slúmm-mælingin raðar upp fjórum háviðnámslögum niður á 26 metra dýpi og sér 3,9  $\Omega$ m þar fyrir neðan. Straumarmslengd túlkaðrar mælingar er 264 metrar.

Hér er ákvörðun beggja mæliaðferða á dýpi á lágviðnám mjög nákvæm. Báðar sjá skil háviðnáms og lágviðnáms á 26 metra dýpi. Slúmmið sér síðan ekki í gegnum lágviðnámið en temm-mælingin sér tvö viðnámslög þar fyrir neðan.

#### Mælingar í jaðri háhitakerfisins

##### T9796 – T36 Jökulgilskjafur

|       |                 |                      |
|-------|-----------------|----------------------|
| T9796 |                 | T36                  |
| 34m   | 9041 $\Omega$ m | 0.9m 1184 $\Omega$ m |
| 79m   | 5.3 $\Omega$ m  | 23m 458 $\Omega$ m   |
| 187m  | 394 $\Omega$ m  | 415m 10.8 $\Omega$ m |
| 30m   | 3.4 $\Omega$ m  | 106 $\Omega$ m       |
|       | Hækkun          |                      |

Temmið sér lágviðnámslag á 34 metra dýpi, en slúmmið sér tvö háviðnámslög og fer í lágviðnám á 24 metra dýpi. Þetta er áreiðanlega sömu viðnámsskilin. Slúmmið sér svo viðnámshækkun 400 metrum neðar en temmið sér viðnámshækkun 80 metrum neðar og svo annað lágviðnámslag á 300 metra dýpi og svo hækkun aftur. Hér greinir temmið í sundur og sér tvö lágviðnámslög með tæplega 190 metra þykku háviðnámslagi, það sem slúmmið sér sem eitt lag.

### 962915 – T30 Jökulgil

| 962915 |                 | T30  |                |
|--------|-----------------|------|----------------|
| 23m    | 61 $\Omega$ m   | 0.7m | 752 $\Omega$ m |
| 86m    | 13 $\Omega$ m   | 20m  | 299 $\Omega$ m |
| 99m    | 24 $\Omega$ m   | 238m | 19 $\Omega$ m  |
| 361m   | 11.4 $\Omega$ m |      | 6.7 $\Omega$ m |
|        | 20 $\Omega$ m   |      |                |

Báðar mælingarnar sjá hátt viðnám niður á rúmlega 20 metra dýpi. Þar fyrir neðan sér slúmmið 238 metra þykkt lag með 18,9  $\Omega$ m viðnámi, en temmið sér tvö lög með 13 og 24  $\Omega$ m viðnámi. Fyrir neðan sjá báðar lágviðnám og temmið sér svo í viðnámsþækkun á 560 metra dýpi.

Hér sést vel að temmið hefur betri upplausn en slúmmið með dýpi en slúmmið sér þunnu lögin í yfirborði. Temmið leysir 18,9  $\Omega$ m lagið upp í tvö lög með 13  $\Omega$ m og 86 metra þykkt svo og 24  $\Omega$ m, 99 metra þykkt. Slúmmið sér síðan talsvert lægra viðnám eða 6,7  $\Omega$ m í lágviðnámslaginu en temmið gerir (11,4  $\Omega$ m). Slúmmið sér ekki í gegnum lágviðnámið samkvæmt ferlinum sem túlkaður er. Frumgögnin sýndu hins vegar þækkun í enda en gæði gagnanna voru svo lítil að ekki var hægt að túlka mælinguna alla. Það varð sem sé að hreinsa endapunktana í burtu.

### 945915 – T31 Jökulgil

| 945915 |                    | T31  |                 |
|--------|--------------------|------|-----------------|
| 27.5m  | 488 $\Omega$ m     | 0.7m | 2148 $\Omega$ m |
| 102m   | 15.5 $\Omega$ m    | 11m  | 383 $\Omega$ m  |
| 252m   | 19 $\Omega$ m      | 24m  | 49 $\Omega$ m   |
| 1157m  | 196 $\Omega$ m ??? | 48m  | 11.8 $\Omega$ m |
|        | 7.6 $\Omega$ m ??? |      | 37 $\Omega$ m   |

Efst í temminu er 27,5 metra þykkt háviðnámslag og 15,5  $\Omega$ m fyrir neðan. Slúmmið raðar þremur lögum í efstu 36 metra og sér þá 11,8  $\Omega$ m fyrir neðan. Þetta 15/12  $\Omega$ m lag er síðan um 100 metra þykkt í temminu en um 50 metrar í slúmminu. Slúmmið sér ekki frekari lagskiptingu, en temmið sér viðnámsþækkun 250 metrum neðar og glytta í lágviðnám neðan við 1000 metra. Mjög varlega er tekið á þeim upplýsingum sem eru svo djúpt.

### T8783 – T28 Álftavatn (400 metrar eru á milli mælimiðja.)

| T8783 |                | T28   |                 |
|-------|----------------|-------|-----------------|
| 5.2m  | 901 $\Omega$ m | 1.2m  | 3803 $\Omega$ m |
| 196m  | 86 $\Omega$ m  | 17.8m | 364 $\Omega$ m  |
| 230m  | 15 $\Omega$ m  | 185m  | 101 $\Omega$ m  |
| 242m  | 109 $\Omega$ m |       | 9.9 $\Omega$ m  |
|       | 9.6 $\Omega$ m |       |                 |

Í báðum mælingum er hátt viðnám í yfirborði og síðan tæplega 200 metra þykkt lag með 86  $\Omega$  í temm-mælingunni og 101  $\Omega$  í slúmm-mælingunni og lægra fyrir neðan. TEM-mælingin sér 230 metra þykkt lag með 15  $\Omega$  viðnámi. Síðan hækkun í viðnámi, eða 109  $\Omega$  í 240 metra þykku lagi og svo 9,6  $\Omega$  þar fyrir neðan.

Slúmm-mælingin er erfið í túlkun. Í fjögurra laga líkani, sem hér er sýnt, er 9,9  $\Omega$  viðnám í láviðnámslaginu. Sé viðnámslögunum fjölgað í samræmi við lagafjölda TEM-mælingarinnar líta efstu þrjú lög eins út, lágviðnámið lækkar úr 9,9  $\Omega$  í 4,2  $\Omega$ ; neðan við er um 100 metra þykkt lag með 84  $\Omega$  og 18  $\Omega$  þar fyrir neðan. Með þennan lagafjölda er karakter beggja mælinga sá sami. Viðnámsákvörðunin í lágviðnámslögunum er hins vegar ekki sú sama. Ef slúmm-mæling er góð, er vel hægt að treysta viðnámsákvörðun í lágviðnámslagi, sérstaklega svo grunnt sem þetta er. Þessi mæling er hins vegar ekki góð og ekki mögulegt að fá góða samsvörun á milli mælds og túlkaðs ferils. Því er tilhneiging til að trúa betur viðnámsákvörðun úr temminu. Auk þess má segja að þarna sé verið að pína upplýsingar út úr slúmminu, sem ekki eru traustvekjandi.

### 887802 – T23 Hvanngil (600 metrar á milli mælimiðja)

|        |              |                   |
|--------|--------------|-------------------|
| 887802 |              | T23               |
| 20m    | 158 $\Omega$ | 5.4m 198 $\Omega$ |
| 232m   | 206 $\Omega$ | 16m 457 $\Omega$  |
| 212m   | 35 $\Omega$  | 342m 158 $\Omega$ |
|        | 6,3 $\Omega$ | < 10 $\Omega$     |

Temmið sér 100–200  $\Omega$  viðnám niður á 250 metra dýpi. Þar lækkar viðnámið í 35  $\Omega$  og mælingin sér svo lágt viðnám eða 6,3  $\Omega$  neðan við 450 metra dýpi. Slúmmið sér að vanda smáatriðin í yfirborðinu en sér svo 158  $\Omega$  viðnám á því dýptarbili sem temmið leysir upp í tvölög með 206  $\Omega$  og 35  $\Omega$ . Neðst sést að slúmmið er á leið í lágt viðnám < 10  $\Omega$  á 360 metra dýpi. Viðnámsákvörðunin neðst í slúmminu er ónákvæm en viðnámið fer trúlega niður fyrir 10  $\Omega$ .

### T7990 – T10 Laufafell (600 metrar milli mælimiðja)

|       |               |                     |
|-------|---------------|---------------------|
| T7990 |               | T10                 |
| 4.4m  | 2200 $\Omega$ | 5.3m 14000 $\Omega$ |
| 19.3m | 44 $\Omega$   | 6.1m 76600 $\Omega$ |
| 234m  | 1870 $\Omega$ | 4.6m 37500 $\Omega$ |
| 98m   | 21 $\Omega$   | 46m 792 $\Omega$    |
| 69m   | 5.1 $\Omega$  | 31 $\Omega$         |
|       | 23 $\Omega$   |                     |

Slúmmið sér þrjú lög með mjög háu viðnámi í efstu 15 metrum og heldur háu viðnámi niður á 60 metra dýpi. Þar fyrir neðan er 31  $\Omega$  viðnám eins langt og mælingin skynjar en lengd túlkaðrar mælingar er rúmlega 400 metrar.

Temmið sér lagskiptingu í efstu 20 metrum, sem ekki er mjög áreiðanleg en sér svo þykkt háviðnám, 1870  $\Omega$ , niður á rúmlega 250 metra dýpi en þar fyrir neðan er 21  $\Omega$  viðnám niður á 270 metra, þar tekur við 70 metra þykkt lágviðnámslag með 5,1  $\Omega$ , og 23  $\Omega$  þar fyrir neðan.



Ekki er augljós skýring á því, af hverju svona mismunandi þykkt er á háviðnáminu efst í mælingunni. Slúmmið sér 60 metra þar sem temmið sér hátt viðnám niður á 250 metra. Hafa verður í huga að 600 metrar eru á milli mælimiðja, þannig að þessi munur gæti verið raunverulegur.

#### T9599 – T40 Norðurbarmur (700 metrar á milli mælimiðja)

| T9599 |         | T40  |         |
|-------|---------|------|---------|
| 28m   | 229 Ωm  | 0.6m | 1362 Ωm |
| 315m  | 68 Ωm   | 0.8  | 4294 Ωm |
| 184m  | 130 Ωm  | 20m  | 419 Ωm  |
| 106m  | 10.7 Ωm | 880m | 137 Ωm  |
|       | 25 Ωm   |      | 41 Ωm   |

Temmið sér 68 Ωm viðnám neðan 28 metra yfirborðslags. Þetta lag er ríflega 300 metra þykkt. Þar fyrir neðan hækkar viðnámið í 130 Ωm. Á 520 metra dýpi er svo komið í um 100 metra þykkt lágviðnámslag með 10,7 Ωm viðnámi. Neðst er hækkun í 24 Ωm. Slúmmið sér, eins og oft, nákvæma viðnámskipan nærri yfirborði og sér þrjú yfirborðslög niður á 22 metra dýpi. Þar fyrir neðan greinir slúmmið ekki lagskipti fyrir en á 900 metra dýpi og sér þá viðnámslækkun. Þessi viðnámslækkun ákvarðast aðeins af síðustu tveimur mælipunktum þannig á viðnámsákvörðunin er ekki nákvæm.

#### T8500 – T11 – T45 Um 2 km norðvestan Klukkugils

Hér er afstaðan á milli mælinganna að um 800 metrar eru á milli slúmm-mælinganna, þar sem T45 er norðar. Temm-mælingin er austar þannig að um 500 metrar eru í T 45 og um 700 metrar í T11.

| T11  |         | T8500 |         | T45  |          |
|------|---------|-------|---------|------|----------|
| 1.2m | 6020 Ωm | 30m   | 1057 Ωm | 2m   | 14297 Ωm |
| 1.7m | 9278 Ωm | 64m   | 27 Ωm   | 1.6m | 4624 Ωm  |
| 39m  | 7629 Ωm | 124m  | 58 Ωm   | 29m  | 17438 Ωm |
| 78m  | 74 Ωm   |       | 20 Ωm   | 195m | 104 Ωm   |
|      | 22 Ωm   |       |         |      | 41 Ωm    |

Ef slúmm-mælingarnar eru fyrst bornar saman sést að báðar sjá þrjú háviðnámslög í yfirborði eða efstu 30–40 metrum. Þar fyrir neðan sjá þær 74 Ωm/104 Ωm lag sem er um 90 metra þykkt í T11 og 195 metra þykkt í T45. Neðst eru 22 Ωm í syðri mælingunni T11 en 41 Ωm í nyrðri mælingunni T45.

Temmm-mælingin er líkari T11, þar sem efst er hátt yfirborðslag, 30 metrar á þykkt, síðan tvö lög með 27 Ωm það efra og 58 Ωm það neðra og neðst 20 Ωm. Hún sér eitt lag efst þar sem slúmmið sér þrjú, síðan skiptir hún í tvennt laginu sem slúmmið sér sem eitt lag. Neðst sýna þær sama viðnám, um 20 Ωm, en það er á um 100 metra meira dýpi í temminu. Nokkur fjarlægð er á milli mælimiðja og þessi munur getur verið eðlilegur.

Mælingarnar eru rétt utan við jaðar háhitakerfisins. Það sér ekki í lágviðnámskápu en hins vegar sér í 20 Ωm lag neðst enda er oft lágt, 10–20 Ωm, viðnámslag utan á lágviðnámskápunni, sérstaklega í jaðri háhitakerfa. T45 er fjærst jaðrinum og sér um 40 Ωm viðnám neðst. Hún sér ekki í lágviðnámslagið og er líklegt að neðsta lagið tengist

fremur efri lögunum í hinum mælingunum eða þá að viðnámið hækkar vegna þess að hún er fjarlægari háhitakerfinu.

**918791 – T21 Mælifellssandur** (650 metrar á milli mælimiðja)

|        |                 |  |      |                 |
|--------|-----------------|--|------|-----------------|
| 918791 |                 |  | T21  |                 |
| 54m    | 1361 $\Omega$ m |  | 1.8m | 2084 $\Omega$ m |
| 374m   | 93 $\Omega$ m   |  | 7.4m | 7362 $\Omega$ m |
|        | 10.9 $\Omega$ m |  | 58m  | 3403 $\Omega$ m |
|        |                 |  | 270m | 61 $\Omega$ m   |
|        |                 |  |      | 24 $\Omega$ m   |

Temmið sér eitt hátt yfirborðslag þar sem slúmmið sér þrjú, því eins og fram hefur komið getur temmið ekki greint í sundur viðnámslög í efstu 50–100 metrum. Neðan við sér temmið 93  $\Omega$ m og slúmmið 61  $\Omega$ m í lagi sem er 270 metra þykkt í slúmminu og 100 metrum þykkara í temminu. Neðst sjá báðar mælingar viðnámslækkun eða 10,9  $\Omega$ m í temminu en 24  $\Omega$ m í slúmminu.

**T9102 – T42 Dómadalur**

|       |                |  |      |                 |
|-------|----------------|--|------|-----------------|
| T9102 |                |  | T42  |                 |
| 4.8m  | 711 $\Omega$ m |  | 1.7m | 3791 $\Omega$ m |
| 60m   | 38 $\Omega$ m  |  | 2m   | 1658 $\Omega$ m |
| 153m  | 14 $\Omega$ m  |  | 18m  | 3009 $\Omega$ m |
| 198m  | 436 $\Omega$ m |  | 72m  | 18 $\Omega$ m   |
|       | 13 $\Omega$ m  |  | 69m  | 156 $\Omega$ m  |
|       |                |  |      | 59 $\Omega$ m   |

~100 metrar eru á milli mælimiðja.

Báðar mælingarnar sýna sama karakter þ.e. undir háviðnámslögum í yfirborði er láviðnámslag (14/18  $\Omega$ m), síðan lag með yfir 100  $\Omega$ m og lágt fyrir neðan.

TEM-mælingin sýnir 14  $\Omega$ m í lágviðnámslaginu; það er á 64 metra dýpi og er 150 metra þykkt. Háviðnámslagið fyrir neðan er 436  $\Omega$ m, sem trúlega er of hátt (yfirskot í túlkunarforritinu) og er 200 metra þykkt. Neðst, á um 400 metra dýpi sér í 13  $\Omega$ m viðnám og niðurúr.

Slúmm-mælingin sér þessa sömu skipan en viðnámslögin eru öll þynnri. Neðst sér hún lækkandi viðnám en ekki eins lágt og TEM-mælingin og er það eðlilegt að viðnámsákvörðunin í slúmminu sé ekki nákvæm niður á 200–400 metra dýpi í svo marglag-skiptu líkani.

**T7788 – T22 Laufafell** (400 metrar eru á milli mælimiðja.)

|       |                 |  |      |                  |
|-------|-----------------|--|------|------------------|
| T7788 |                 |  | T22  |                  |
| 1.3m  | 743 $\Omega$ m  |  | 1.3m | 2531 $\Omega$ m  |
| 257m  | 299 $\Omega$ m  |  | 15m  | 10515 $\Omega$ m |
| 299m  | 49 $\Omega$ m   |  | 31m  | 254 $\Omega$ m   |
|       | 17.7 $\Omega$ m |  |      | 49 $\Omega$ m    |

Temmið sér hátt viðnám í yfirborði og síðan 257metra þykkt lag með tæplega 300  $\Omega$ m viðnámi. Þar fyrir neðan er 300 metra þykkt lag með 49  $\Omega$ m viðnámi og 18  $\Omega$ m þar fyrir neðan.

Slúmm-mælingin sér þrjú háviðnámslög niður á 31 metra dýpi og 49  $\Omega$ m þar fyrir neðan. Straumarmur túlkaðrar mælingar er hins vegar aðeins 312 metrar svo að dýptarskygnið er ekki mikið meira en um 200 metrar.

Báðar mælingarnar sjá viðnámsskil frá 250  $\Omega$ m í 49  $\Omega$ m, en á mismunandi dýpi. TEM mælingin er með þau skil á 300 metra dýpi en slúmm-mælingin á 31 metra dýpi. Um 400 metrar eru á milli mælimiðja og er TEM-mælingin fjær háhitakerfinu.

### Mælingar þar sem ekki er lágviðnámskápa

#### T9895 – T38 Jökulgil

|      | T9895           |  | T38                 |
|------|-----------------|--|---------------------|
| 14m  | 9900 $\Omega$ m |  | 0.7m 383 $\Omega$ m |
| 360m | 71 $\Omega$ m   |  | 4m 509 $\Omega$ m   |
| 495m | 570 $\Omega$ m  |  | 20m 345 $\Omega$ m  |
|      | 25 $\Omega$ m   |  | 258m 117 $\Omega$ m |
|      |                 |  | 193m 153 $\Omega$ m |
|      |                 |  | 47 $\Omega$ m       |

Báðar mælingar sjá hátt yfirborð, þ.e. eitt lag í TEM-mælingunni en þrjú í slúmmínu. Þar fyrir neðan er lag með 70–120  $\Omega$ m viðnámi og er það 360 metra þykkt í temminu en 260 metrar í slúmmínu. Neðan við hækkar viðnámið talsvert og lækkar aftur neðst.

Eins og áður er sams konar karakter í báðum mælingum en eins og áður eru löginn þynnri í slúmm-mælingunni. Slúmm-mælingin er ekki nógu góð í endann til að treysta viðnámsávörðuninni í neðsta lagi.

#### 975932 – T29 Jökulgil

|      | 975932         |  | T29                  |
|------|----------------|--|----------------------|
| 116m | 478 $\Omega$ m |  | 0.5m 2829 $\Omega$ m |
| 142m | 26 $\Omega$ m  |  | 8.3m 378 $\Omega$ m  |
| 143m | 73 $\Omega$ m  |  | 113m 257 $\Omega$ m  |
| 609m | 30 $\Omega$ m  |  | 58 $\Omega$ m        |
|      | 311 $\Omega$ m |  |                      |

Temmið fer úr háu yfirborðslagi niður í 26  $\Omega$ m lag á 116 metra dýpi. Slúmmið sér þrjú yfirborðslög með háu viðnámi og sér svo viðnámslækkun í 58  $\Omega$ m á rúmlega 120 metra dýpi. Temmið sér svo viðnámsskiptingu niður á 1000 metra dýpi, en slúmmið sér ekki viðnámsskil neðan við 120 metra. Slúmmið gæti hins vegar verið að sjá einhvers konar jafnaðar viðnám á þess að geta leyst það upp í einstök viðnámslög.

## T9394 – T15 Tæpum 2 km austan Stóra Hvers

| T9394 |                 | T15                  |
|-------|-----------------|----------------------|
| 9.7m  | 9746 $\Omega$ m | 1.4m 4907 $\Omega$ m |
| 85m   | 17 $\Omega$ m   | 6.5m 76 $\Omega$ m   |
| 365m  | 30 $\Omega$ m   | 187m 21 $\Omega$ m   |
|       | 55 $\Omega$ m   | 987 $\Omega$ m       |

Temmið sér 17  $\Omega$ m undir háu þunnu yfirborðslagi og svo viðnámsþækkun á um 100 metra dýpi og svo enn aðeins þækkun á 450 metra dýpi. Slúmmið sér 21  $\Omega$ m viðnámslag undir tveimur háum yfirborðslögum. Þetta er sama lag og 17  $\Omega$ m lagið í temminu en hér bregður svo við á það er þykkara í slúmm-mælingunni, sem er óvenjulegt. Hér kann skýringin að vera sú að slúmmið sér verulegt stökk frá fremur lágu viðnámi í hátt viðnám og á þannig séð erfitt með að sjá í gegnum lágviðnámið. Slúmmið á líka í erfiðleikum með að ákvarða viðnámið í háviðnáminu (yfirskot), en þar kemur líka til að mælingin er ekki sérlega góð og því erfið í túlkun.

### 4.3 Kostir og gallar mæliaðferðanna

Til að skilja betur niðurstöður mælinganna og hverju þær lýsa, er rétt að líta á eðlismun mæliaðferðanna í stuttu máli. Báðar mæliaðferðir mæla viðnám jarðar við rafstraumi, en á mismunandi hátt.

Schlumberger-mælingarnar eru DC (direct current) aðferð, sem byggist á því að rafstraumur er sendur niður í jörðina og viðnámið reiknað út frá spennumerki í yfirborði og straummerkinu, sem kemst á milli straumpólanna. Mæliaðferðin er þannig háð því að straumur komist niður í jörðina. Til þess að mæla viðnám í lagi á ákveðnu dýpi þarf straumur að komast niður í lagið. Aflestur straumsins er þar með háður lóðréttu þættinum í straummerkinu og straumdreifingin er aðeins að takmörkuðum hluta samsíða viðnámslögnum í lárétt lagskiptri jörð. Straumurinn fer hvorki samsíða né hornrétt á lagmót viðnámslaganna og því er við því að búast að lestur viðnáms verði einhvers konar meðaleðlisviðnám, einkum þar sem um þunn lög er að ræða. Í þykkum einsleitum (stefnusnauðum) lögum er eðlisviðnámið það sama í hvaða stefnu sem straumurinn er og mæliaðferðin les raunverulegt eðlisviðnám lagsins (Knútur Árnason;1995). Á háhitasvæðum eru aðstæður oft mjög erfiðar fyrir DC mælingar þar sem hraun (ferskt, þurrt) í yfirborði er einangrari og veldur því að erfitt er að koma straum niður í jörðina. Vel leiðandi lag við yfirborð skapar einnig erfiðar aðstæður fyrir þessar mælingar. Straumurinn velur sér auðveldustu leið þ.e. í gegnum vel leiðandi lagið og á mjög erfitt með að komast í gegnum það og sjá það sem er fyrir neðan. Mæliaðferðin getur þó séð lag fyrir neðan lágviðnámslag en hefur ekki upplausn til að sjá lagskiptingu með dýpi.

TEM-mælingarna eru svo nefnd EM (electro-magnetic) aðferð, sem byggist á því að rafstraumur er settur á straumlykkju á yfirborði. Þar með byggist upp segulsvið um lykkjuna. Við það að rjúfa strauminn, spanast upp spanstraumar í jörðinni til að vinna á móti hnignun segulsviðsins. Merkið berst síðan niður í jörðina með því að straumur í láréttu lagi spanar upp straum í næsta lagi fyrir neðan og svo koll af kolli. Ríkjandi þáttur í straummerkinu í hverju lagi er lárétti þátturinn, þar sem spanstraumarnir eru samsíða viðnámslögnum í lárétt lagskiptri jörð. Upplýsingar um eðlisviðnám með dýpi

fæst með því að mæla hvernig segulsviðið á yfirborði fellur með tíma í miðju sendilykkjunnar (Knútur Árnason;1995).

Hér að ofan eru bornar saman einstakar mælingar án tilvísunar til ytri aðstæðna, svo sem afstöðu við jarðhitakerfi. Hér verða nú bornar saman mælingar sem endurspeglar líkar aðstæður og reynt að leita skýringa.

### **Mælingar beint ofan í jarðhitakerfið**

Ef litið er á mælingarnar, sem eru beint ofan í jarðhitakerfið má sjá ákveðna samsvörun. Temmið sér lágviðnámskápuna á 25–40 metra dýpi undir einu „háu yfirborðslagi“. Í raun er ekki mark á takandi viðnámsákvörðuninni í yfirborðinu, því temmið greinir illa lagskipti í efst tugum metra. Temmið sér hins vegar vel í gegnum lágviðnámslagið og getur greint lagskiptingu niður á hér 500–600 metra dýpi.

Slúmmið sér mikla nákvæmni í lagskiptingu í efstu 20–40 metrum. Það sér síðan lágviðnámslag, sem er yfirleitt þynnra en í temminu og með lægra viðnámi. Í einni af þessum mælingum, sem eru beint ofan í jarðhitakerfið, sér slúmmið háviðnám undir lágviðnámskápunni eða í T1 í Hrafninnuskeri. Í hinum mælingunum (T7 og T12) sér slúmmið ekki í gegnum lága viðnámið. Í mælingunum T1 og T7 eru aðstæður svipaðar að því leyti að lágviðnámskápan er á 19 metra dýpi. Munurinn er sá að miklu hærra viðnám og fleiri lög eru í yfirborði í mælingu T7, eða fjögur lög; síðan mjög skörp skil úr háu viðnámi í lágviðnámskápuna og mælingin sér ekki niður úr þessu lágviðnámi, en ætti að skynja niður á 300 metra dýpi miðað við lengd mælingar.

Þetta eru verstu aðstæður fyrir slúmm-mælingar. Hátt marglaga yfirborð og mjög lágt viðnám á litlu dýpi. Í öllum þremur dæmunum sér slúmmið ekki þykkt lags neðan 50 metra dýpis. Straumurinn fer eftir lágviðnáminu, getur síðan í sumum tilfellum séð hátt viðnám undir en sér ekki lagskipti neðan háviðnámsins.

Temmið sér í öllum þremur tilfellum lengra og nær að sjá fleiri lög með dýpi. Í mælingunni við Hrafninnusker sér temmið þannig lagskipti niður á 500-600 metra dýpi. Í öllum þremur tilfellum er dýpið niður lágviðnámskápuna það sama í temminu og slúmminu en viðnámið er í öllum tilfellum lægra í slúmminu. Viðnámið er 1–4  $\Omega$ m í lágviðnámskápunni samkvæmt slúmm mælingunum en 5,5–10 samkvæmt temminu.

### **Mælingar í jaðri háhitakerfisins**

Lágviðnámskápan umlykur topp háviðnámskjarnans í háhitakerfum. Jaðar háhitakerfisins er skýrgreindur sem ytri mörk lágviðnámskápunnar á 600–1000 metra dýpi. Hér eru allmörg mælingasett ofan í eða við jaðar háhitakerfisins. Utan á lágviðnámskápu er oft viðnámslag með lágu, eða 10–20  $\Omega$ m viðnámi. Þetta lag er oftast skýrgreint sem sérstakt lag en má jafnvel líta á sem framhald af lágviðnámskápunni, þar sem viðnám hækkar með fjarlægð frá háhitakerfinu. Mælingarnar sjá oft lágviðnámskápuna á nokkru dýpi eða sjá í lágviðnámslagið utan við jaðarinn.

Hér eru aðstæður betri til samanburðar á mæliaðferðunum því að lágviðnámið er á meira dýpi og slúmmið getur því skynjað meira dýpi.

Ef litið er á þennan flokk mælinga í heild sést að í mörgum tilfellum leysir temmið upp í fleiri lög en slúmmið. Þetta sést vel í mælingunum í Jökulgilskjaftri en þar sér slúmmið eitt þykkt lágviðnámslag í stað þriggja laga í temminu.

Dýptarákvörðun niður á lágviðnámið er oft sambærileg allt niður á 200 metra dýpi. Ef lágviðnámið er á meira dýpi gefur slúmmið yfirleitt upp minna dýpi en temmið. Best ákvarðaða stærðin í tem-mælingunum er dýpið á lágviðnámslagið (Knútur Árnason, 1995).

Slúmmið á í erfiðleikum með að sjá í gegnum lágviðnámið sem fyrr. Þó gerist það í nokkrum mælingum, einkum ef lágviðnámið er ekki  $<10 \Omega$ m. Í mælingu í Dómadal hefur slúmmið T42 sama karakter og tem-mælingin T9102; sér í gegnum  $18 \Omega$ m lágviðnámslag og sér tvö lög fyrir neðan líkt og tem-mælingin. Lögin eru hins vegar þynnri í slúmminu og það greinir á um viðnámsgildi í neðsta lagi. Slúmmið sér viðnámslækkun neðst en þar er viðnámsákvörðunin byggð á fáum mæligildum og er því tilhneigingin að trúna betur viðnámsákvörðuninni í tem-mælingunni.

Slúmm-mælingarnar greina hér viðnámskil allt niður á 500 metra dýpi. Í einu tilfelli eru viðnámskil neðar og er það í mælingunni við Norðurbarm T40. Þar ákvarðast þessi skil aðeins af síðustu tveimur mælipunktum og því ekki nákvæm.


### **Mælingar þar sem ekki er lágviðnámskápa**

Einkenni mælinganna hér eru kunnugleg. Slúmmið leysir vel upp lög í efstu metrum og sér þrjú viðnámslög með háu viðnámi. Viðnámsákvörðunin hlýtur að vera góð ef gögnin eru góð. Temmið sér eitt lag í yfirborði og er viðnámsákvörðunin ekki marktæk. Báðar mæliaðferðir sjá svo viðnámslækkun á sama dýpi, líklega vatnsborð. Þar fyrir neðan greinir temmið yfirleitt upp í fleiri lög en slúmmið. Eins og tekið er fram um mælingarnar í jaðri háhitakerfisins, greinir slúmmið sambærileg viðnámskil og temmið á minna dýpi, þ.e. lögin greinast þynnri í slúmminu.


#### 4.4 Viðnámsnið með samanburði mæliaðferða

Að síðustu er sýnt snið S3 með niðurstöðum beggja mæliaðferða (mynd 56). Annars vegar eru snið byggð á lagskiptu líkani og sniði með samfelldri breytingu í viðnámi með dýpi (occam) eftir niðurstöðum TEM-mælinganna. Hins vegar eru niðurstöður Schlumberger-mælinganna (mynd 57). Lega sniðsins er sýnd á mynd 55.

Sniðin sýna vel hve mikill munur er á dýptarskynjun mæliaðferðanna. Schlumberger-mælingarnar sýna vel toppinn á háhitakerfinu þar sem lágviðnámskápan er á litlu dýpi og sér í háviðnámskjarna í tveimur mælingum en ekki lagskipti þar fyrir neðan. TEM-mælingarnar sjá viðnámsbreytingar niður undir 1000 metra dýpi.




Mynd 55. Lega sniðs S3.



Mynd 56. Viðnámsnið S3. TEM-mælingar.





Viðnámsnið eftir niðurstöðum Schlumberger-mælinga

Mynd 57. Viðnámsnið S3. Schlumberger-mælingar.

## 5 Samandregnar niðurstöður

Við skoðun og samanburð á þessum tveimur viðnámsmælingaaðferðum á Torfajökulsvæði má draga helstu niðurstöður saman þannig:

### Schlumberger-mælingarnar:

- Greina vel lagskipti og ákvarða vel viðnám í efstu tugum metra.
- Ákvarða vel dýpi á lágviðnám.
- Sjá ekki í gegnum lágviðnámskápu  $< 10 \Omega\text{m}$  nærri yfirborði.
- Geta í sumum tilfellum séð í gegnum lágviðnám  $10\text{--}20 \Omega\text{m}$ .
- Greina yfirleitt ekki lagskipti neðan  $500\text{--}600$  metra dýpis.

### TEM-mælingarnar:

- Greina ekki lagskipti í yfirborði.
- Ákvarða ekki rétt viðnám í yfirborði.
- Ákvarða vel dýpi á lágviðnám.
- Sjá í gegnum lágviðnámskápu.
- Greina lagskipti niður á allt að  $1000$  metra dýpi.

## 6. Heimildir





Knútur Árnason; 1995: *Áhrif lagskiptingar á niðurstöður viðnámsmælinga*. Orkustofnun, OS-95013/JHD-08 B.12 s.

Ragna Karlsdóttir; 2001: *Í Torfajökli; TEM-Viðnámsmælingar*. Orkustofnun, OS-2001/031. 131 s.


## **VIÐAUKI 1**

**Súlurit, sem sýna samanburð**


**TEM- og Schlumberger-mælinga**




**962915 - T30**




**945915 - T31**




**T8783 - T28**




**887802 - T23**




**T7990 - T10**







**T9599 - T40**




**T11 - T8500 - T45**






**975932 - T29**



**T9394 - T15**











## **VIÐAUKI 2**

**Schlumbergermælingar á Torfajökulssvæði;**

**Mæliferlar og túlkun**





T 8292

